

**Sp.**

**218. Fyrirspurn**

**[144. mál]**

til ríkisstjórnarinnar um risnukostnað.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni og Hannibal Valdimarssyni.

1. Hvaða starfsmenn ríkisins eða flokkar starfsmanna fá greitt risnufé?
2. Hversu miklu nam þetta risnufé árið 1951:
  - a. í heild,
  - b. til hvers flokks starfsmanna?
3. Gera þessir aðilar grein fyrir því, hvernig fé þetta er notað?
4. Hvaða starfsmenn ríkisins eða flokkar starfsmanna fá áfengi til risnu með sérstökum kjörum hjá Áfengisverzlun ríkisins?
5. Hversu miklu nam áfengissala til þessara aðila árið 1951, miðað við útsöluverð verzlunarinnar:
  - a. í heild,
  - b. til hvers flokks starfsmanna?
6. Gera þessir aðilar grein fyrir því, til hvaða risnu áfengið er notað?
7. Hversu miklu nam risnukostnaður ríkisstjórnarinnar árið 1951?
8. Hversu mikill hefði risnukostnaðurinn orðið, ef notað áfengi hefði verið keypt við útsöluverði?